

Menningarráðherra heims úr röðum kvenna funda í Reykjavík 29. – 30. ágúst 2005

Fyrsti heimsfundur menningarráðherra úr röðum kvenna verður haldinn í Reykjavík dagana 29.-30. ágúst.



Til fundarins er boðað í tilefni 75 ára afmælis [Vigdísar Finnbogadóttur](#) fyrrverandi forseta í apríl sl. Að fundinum standa íslensk stjórnvöld í samstarfi við [Heimsráð kvenleiðtoga](#) (Council of Women World Leaders), en Vigdís var einn stofnenda og fyrsti formaður ráðsins.

Markmið fundarins er að skapa vettvang þar sem ráðherrarnir og alþjóðlegir gestir ræða menningarmál á víðum grunni, bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi.

Á fundinum verða fjórir meginfyrirlestrar:

[Cherie Booth](#) kynnr skýrsluna „[Women's Empowerment: Measuring the Global Gender Gap](#)“ sem [World Economic Forum](#) stóð að. Í henni er gerður samanburður á menntun, efnahag, stjórnmálaþátttöku og lífsgæðum kvenna í ýmsum ríkjum heims.

Íranska baráttukonan [Mahnaz Afkhami](#) ræðir um menningarleg réttindi kvenna. Afkhami var ráðherra í Íran áður en klerkastjórnin komst til valda en hefur verið í útleð í aldarfjórðung.

Dr. [Annette Pritchard](#) fjallar um menningu og ferðamennsku. Hún

mun ræða hlut kvenna í ferðaþjónustu, m.a. hve fáar konur eru við stjórnvölinn í ferðaþjónstu og misnotkun kvenímyndarinnar í ferðaauglýsingum.

[Asma Khader](#), fyrrverandi menningarráðherra Jórdaníu, fjallar um áhrif fjölmiðla á lýðræðisþróun og stöðu kvenna í Miðausturlöndum.

Auk þeirra sem að ofan eru tilgreindar munu ýmsir ráðherrar eða fulltrúar þeirra flytja ávörp og taka þátt í umræðum.

Nánari upplýsingar er að finna á vef fundarins, <http://womenministers.government.is/>.

Skipulag háskólamenntunar í brennidepli Staða einstakra landa í Bolognaferlinu

[Eurydice](#), upplýsinganet um menntamál í Evrópu, hefur gefið út ritið [Focus on the Structures of Higher Education in Europe 2004/05. National Trends in the Bologna Process](#). Í ritinu er fjallað um stöðu háskólamála í þeim 40 löndum sem undirritað hafa [Bolognayfirlýsingu](#).



Megintilgangur Bolognaferlisins er að fyrir árið 2010 verði til samevrópskt háskólasvæði þar sem hreyfanleiki nemenda og háskólafélags er auðveldaður.

Eitt þeirra markmiða sem ráðherrarnir settu fram var að nám á háskólastigi væri skipulagt sem tveggja þrepa grunnnám og framhaldsnám, þar sem grunnnám væri að lágmarki þrjú ár og meistaranám tvö ár.

Í ritinu má sjá að 33 lönd, þ.m.t. Ísland, hafa nú tveggja þrepa gráðukerfi.

31 land hefur tekið upp [ECTS](#) einingakerfið (European Credit Transfer and Accumulation System). ECTS einingar voru upphaflega hugsaðar með það í huga að auðvelda nemendaskipti en núna er ECTS jafnframt notað sem kerfi til að viðurkenna nám á milli landa.

Á Íslandi nota allir háskólar ECTS einingakerfið samhliða íslenskum námseiningum.

Háskólar flestra landanna 40, þ.m.t. íslenskir háskólar, gefa út viðauka með hefðbundnum prófskírteinum við brautskráningu nemenda. Í viðaukanum er gefin lýsing á því námi sem skírteinið vitnar um að lokið sé auk almennra upplýsinga um háskólakerfi viðkomandi lands.

Markmiðið er að auðvelda viðurkenningu náms á milli landa. Innra mat fer nú reglulega fram í háskólum og er oft notað sem þáttur í ytra mati.

Nemendur eru yfirleitt þátttakendur í innra mati háskóla á einn eða annan hátt. Í einungis 11 löndum taka nemendur þátt bæði í innra og ytra mati og eiga auk þess fulltrúa í stjórnnum matsstofnana.



Ritið [Focus on the Structures of Higher Education in Europe 2004/05. National Trends in the Bologna Process](#) má nálgast á vef [Eurydice](#)

Gagnagrunnurinn Eurybase

Í [Eurybase](#) gagnagrunninum er að finna lýsingar á menntakerfum Evrópusambandslandanna 25, EFTA / EES landanna þriggja, auk Búlgaríu og Rúmeníu.

Hverju kerfi er lýst í 11 köflum með sömu viðmiðum, á ensku og í ýmsum tilvikum tungumáli viðkomandi lands. Upplýsingar um menntakerfin hafa í flestum tilvikum verið uppfærðar fyrir skólaárið 2003/2004, þ.m.t. fyrir [Ísland](#).

[Eurybase](#) er aðgengilegur á vef [EURYDICE](#).

